

## AUGLÝSING

### **um breytingu á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2008-2009, sbr. auglýsingu nr. 511/2008.**

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með síðari breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 10. nóvember 2008 samþykkt breytingu á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2008-2009 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Breytingarnar voru samþykktar á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 7. nóvember 2008 og taka gildi þegar í stað.

*Menntamálaráðuneytinu, 10. nóvember 2008.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Guðmundur Árnason.*

**Fylgiskjal.****Breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2008-2009.**

1. Í stað orðanna „1. júní“ í grein 3.1.3. komi: 26. september.
2. Á eftir 2. mgr. greinar 4.2.1. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Námsmenn sem hefja nám á vormisseri 2009 fá helmingi lægri frádrátt vegna tekna, þ.e. 5%.
3. Við grein 4.2.2. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Námsmenn sem hefja nám á vormisseri 2009 fá helmingi lægri frádrátt vegna tekna, þ.e. 5%.
4. Við grein 4.3. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Námsmenn sem hefja nám á vormisseri 2009 fá helmingi lægri frádrátt vegna tekna, þ.e. 5%.
5. Á eftir 1. mgr. greinar 4.5. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Námsmenn sem hefja nám á vormisseri 2009 fá helmingi lægri frádrátt vegna tekna, þ.e. 5%.
6. Á eftir 2. mgr. greinar 4.6. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Námsmenn sem hefja nám á vormisseri 2009 fá helmingi lægri frádrátt vegna tekna, þ.e. 5%.

7. 1. mgr. greinar 4.9. orðast svo:

**4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.**

Heimilt er að veita námsmanni aukalán sem samsvarar framfærslu fyrir allt að 7 ECTS-einingar fyrir námsmenn á Íslandi og 14 ECTS-einingar fyrir námsmenn erlendis að teknu tilliti til fjölskyldustærðar verði ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti. Námsmenn þurfa að sækja sérstaklega um aukalán, en þau eru ætluð þeim sem eru í sárrí neyð og verður hvert tilvik metið af stjórn sjóðsins. Á þetta t.d. við þegar námsmanni verður vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Hafa skal hliðsjón af þeim bótum sem námsmaður fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

8. Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. greinar 3.1.3.:  
Í stað fjárhæðarinnar „250 kr.“ komi: 400 kr.